

16. Skaftárveita með miðlun í Langasjó¹

Vesturkvísl Skaftár er veitt til Tungnaár um Langasjó, sem er jafnframt miðlunarlón veitunnar. Vesturkvísl Skaftár er stífluð við norðurenda Fögrufjalla og við það myndast lón, með flatarmál 3,5 km², norðan Fögrufjalla sem kallað hefur verið Norðursjór og tengist Langasjó með veituskurði. Úr Langasjó er vatninu veitt um jarðgöng og skurði og eftir farvegi Lónakvíslar til Tungnaár. Minnkað rennsli í Skaftá gæti að óbreyttu haft neikvæð áhrif á lindarennslí í lækjum í Landbroti og Meðallandi. Talið er unnt að leysa þann vanda með því að byggja veitumannvirki í farvegi Skaftár á móts við Búland í Skaftártungu þar sem Ása-Eldvatn greinist frá Skaftá.

Yfirlitstafla

Einkennisstærðir	Skaftárveita til Tungnaár
Rennslí til virkjunar (m ³ /s)	23
Vatnasvið (km ²)	340
Yfirfallshæð í virkjun (m y.s.)	662
Flatarmál lóna (km ²)	29
Miðlun (Gl)	355
Lengd ganga (km)	3,0
Lengd stíflna (m)	630
Mesta hæð stíflu (m)	28
Lengd skurða (m)	6000
Afl (MW) *	
Orkugeta (GWh/ári)	465
Hagkvæmniflokkur	1

- Orkugeta miðast við að nýta uppsett afl virkjana á Þjórsásvæði.

Orkugeta veitunnar er 465 GWh/ári ofan á núverandi grunnkerfi og hækkar í 535 GWh/ári eftir lúkningu virkjana í Neðri-Þjórsá.

Mest áberandi umhverfisáhrif eru fólgin í gruggun Langasjóar. Aurburður inn í vatnið verður til þess að hálffylla það á nokkur hundruð árum, nema Tungnaár- og Skaftárjökull haldi áfram að hopa, en þá eru líkur á að stórt jaðarlón muni taka við miklu af aurburði árinna.

¹ Almenna Verkfræðistofan (2002). *Skaftárveita til Tungnaár. Tilhögun og umhverfi*. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2002/033.

